Neistinn

Fréttabréf styrktarfélags hjartveikra barna. 1. tbl. 10. árg. 2013

Efnisyfirlit

2 Efnisyfirlit og fréttir

3 Pistill formanns

4 Gott málefni
þarfnast fjármagns

5 Hjörtur vígður
á afmæli Neistans

6 hjartagáttin.neistinn.is
- allt um hjartagalla á vefnum

8 Hjartagáttin reynist vel

8 Hjartagáttin og Vökudeildin

9 Einskonar Biblía

11 Frábær árshátíð foreldrahóps
Neistans

12 Vildum að barnið fengi
að vera til

18 ECHDO í Köln

20 Unglingar í skemmtigarði

22 Jólaball Neistans 2012

- Útgefandi: Neistinn – Styrktarfélag hjartveikra barna.
- Ritstjóri: Páll Kristinn Pálsson.
  Netfang: pallkristinnpalsson@gmail.com
- Ábyrgðarmaður: Guðrún Bergmann Franzdóttir.
- Forsíðumynd: Svava Gunnarsdóttur.
- Umbrot: hskj/Öflun.
- Prentun: Prentsmiðjan Viðey
- Heimilisfang: Síðumúla 6, 108 Reykjavík.
  Sími 552-5744, www.neistinn.is - neistinn@neistinn.is
- Fræðsluvefur Neistans: www.hjartagattin.neistinn.is

Kaffipartí-Söfnun

Systkinin Bríet Björg, 8 ára, og Finnbogi Örn, 10, ára héldu í fyrrasumar kaffipartí fyrir ættingja og vini og söfnuðu um leið framlögum til styrktar hjartveikum börnum. Finnbogi Örn, sem er með hjartagalla og Downs-heilkenni, hafði nokkru áður farið í hjartaaðgerð í Lundi í Svíþjóð. Alls söfnuðust 44.857 krónur, sem þau færðu Guðrúnu Bergmann, formanni Neistans við fyrsta tækifæri

Húfuuppboð

Sérstakt uppboð fór fram í verslunni Mebu í Kringlunni í september síðastliðnum í tengslum við útkomu bókarinnar Húfuprjón, sem inniheldur prjónauppskriftir að húfum eftir Guðrúnu Magnúsdóttur. Höfundurinn hafði prjónað 44 flottar húfur upp úr bókinni, sem fólk gat boðið í en hver króna skyldi renna til styrktar Neistanum. Uppboðið stóð yfir í fimm daga og útkoman varð hátt í 200.000 krónur.

Hjörtur og ný lyfjalög

Neistinn var stofnaður 9. maí árið 1995 og varð því 18 ára á dögunum. Við fögnuðum afmælinu á Barnaspítala Hringsins 8. maí, en þá vorum við einnig með blaðamannafund og kynningu á nýja ómskoðunartækinu, sem keypt var fyrir afrakstur söfnunarátaksins Á allra vörum árið 2011, en þá var Neistinn fyrir valinu sem það félag sem allur ágóðinn skyldi renna til. Tækið fékk gælunafnið Hjörtur og hefur nú verið í notkun á Barnaspítalanum um nokkurra mánaða skeið og eru læknarnir okkar hæstánægðir með gripinn. Meira um það hér aftar í blaðinu.

Nú í byrjun maí tóku gildi ný lyfjalög sem gera það að verkum að framvegis þarf að greiða fyrir lyf sumra hjartabarna sem áður hafa verið ókeypis eða greitt lítið fyrir. Þessi lög hafa valdið talsverðri óánægju meðal margra sem þurfa að taka lyf að staðaldri, en svo virðist sem það séu í mörgum tilfellum einstaklingar sem hafa ekki kynnt sér lögin nógu vel. Vissulega er munur á því að borga eitthvað en ekkert, en þegar grannt er skoðað er ljóst að heildarkostnaður hvers og eins á ársgrundvelli ætti að vera vel viðráðanlegur.

Í þeim flokki sem hjartabörnin falla undir lítur skiptingin á milli einstaklinga og Sjúkratrygginga Íslands svona út:

www.sjukra.is

Félagsstarf Neistans blómstrar og hafa viðburðir okkar aldrei verið eins vel sóttir og undanfarið ár. Við undirbúning þeirra og framkvæmd njótum góðs stuðnings frá fyrirtækjum og einstaklingum og án þeirra framlags væri ekki hægt að bjóða upp á jafn glæsilega viðburði og raun ber vitni. Við sendum þeim okkar hjartansþakkir sem og félagsmönnum fyrir þátttöku í starfi Neistans.

Njótið sumarsins!

Hjartanskveðjur
Guðrún Bergmann Franzdóttir

Aldraðir 67 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, börn og ungmenni yngri en 22 ára.

	Lyfjakostnaður á 12 mánaða tímabili		Greiðsluhlutfall	
Þrep	Einstaklingar	Sjúkratryggingar	Einstaklingar	Sjúkratryggingar
1	16.050 kr.	0 kr.	100%	0%
2	7.223 kr.	40.927 kr.	15%	85%
3	23.004 kr.	283.723 kr.	7,5%	92,5%
Samtals	46.277 kr.*	324.650 kr.		

*ATHUGIÐ. Ef einstaklingur greiðir 46.277 kr. innan 12 mánaða tímabilsins (3.856 kr. að meðaltali á mánuði) getur læknir sótt um að SÍ greiði lyf að fullu (100%) það sem eftir er af tímabilinu að uppfylltum skilyrðum vinnureglna SÍ. Einungis lyf sem SÍ taka þátt í að greiða falla hér undir.

Ávinningur nýja kerfisins á að vera:

Jafnræði einstaklinga eykst.

Komið er til móts við þá sem hafa mikil útgjöld vegna lyfja. Kostnaðurinn fer ekki yfir 46.277 krónur á hverju tólf mánaða tímabili.

Nýja kerfið er einfaldara en eldra kerfið.

Ég hvet þá félagsmenn sem finnst þeim vanta nánari uppplýsingar um nýju lyfjalögin að setja sig í samband við Sjúkratryggingar íslands í síma 515-0000 eða á

Fjáröflun í samstarfi við Stauk ber kostnað þessa blaðs.

STAUKUR
SJÁLFSALAR OG LEIKTÆKI

Gott málefni þarfnast fjármagns

Neistinn er styrktarfélag hjartveikra barna og aðstandenda þeirra. Starfsemin gengur bæði út á að veita þeim félagslegan stuðning og fjárhagslega styrki eftir mætti, þar sem langvinn veikindi koma oft verulega niður á fjárhagsafkomu heimilanna.

Fjáröflun er því stór þáttur í starfi Neistans og fer fram með ýmsum hætti. En hægt er að styrkja starfið beint með framlagi á reikning okkar í Landsbankanum. Reikningsnúmerið er 0101-26-4995 og kennitala Neistans 490695-2309 .

Neistinn hefur einnig tekjur af sölu heillaskeyta og minningarkorta, sem afgreidd eru á skrifstofu Hjartaheilla í síma 552 5744 eða á heimasíðu okkar: www.neistinn.is

Enn er ekki of seint að eignast dagatal Neistans fyrir árið 2013. Þetta er fjórða árið í röð sem við gefum út sérstakt dagatal og óhætt að fullyrða að sífellt fleiri kjósa að helga hverjum degi ársins stuðningi við hjartveik börn. Allar myndir í dagatalinu eru af börnum sem fæddust með hjartagalla. Að þessu sinni er ljósmyndarinn Helga Sæunn Árnadóttir og gaf hún alla vinnu sína við verkefnið. Neistinn færir Helgu Sæunni hjartans þakkir fyrir þessar glæsilegu myndir.

Dagatalið fæst á skrifstofu Neistans að Síðumúla 6, 108 Reykjavík, sími 552 5744. Einnig er hægt að panta það á heimasíðu okkar: www.neistinn.is

Verðið er sem fyrr aðeins 1.500 krónur

UMSLAG ehf
www.umslag.is

STEYPUSTÖÐIN
STERKARI LAUSNIR

LÝSING

Hjörtur vígður á afmæli Neistans

Í tilefni af 18 ára afmæli Neistans var nýja hjartaómskoðunartækið Hjörtur tekið formlega í notkun á Barnaspítala Hringsins miðvikudaginn 8. maí. Fjölmiðlum og góðum gestum var þá boðið í léttar veitingar á leikstofu barnaspítalans. Hilli Hjall hjá Sveinsbakaríi mætti með þrjár stórar tertur, bragðgóðar og skemmtilega skreyttar, sem hurfu hratt ofan í viðstadda. Síðan sýndu Gylfi Óskarsson og Hróðmar Helgason, barnahjartalæknar, fréttamönnum tækið.

Það var árið 2011, í þjóðarátakinu **Á allra vörum**, sem safnað var fyrir tækinu sem gerir læknum kleift að greina betur og fyrr hjartagalla í fæddum og ófæddum börnum og skapar þannig gjörbreyttar og betri aðstæður fyrir bæði lækna og sjúklinga. Ómtækið er af gerðinni Siemens SC 2000 og er það nýjasta á markaðnum. Ekki fást betri tæki í dag til ómskoðunar á hjörtum barna og greiningar á hjartagöllum. Öll myndgæði eru mun meiri en áður var og í fyrsta skipti á Íslandi er hægt að skoða hjörtu í þrívídd. Þá er öll geymsla og eftirvinnsla á gögnum margfalt öflugri, en það getur skipt sköpum við meðhöndlun hjartagalla. Ein nýjungin felst í því að hægt er að skoða rannsóknir úr tækinu hvar sem er, innan eða utan spítalans, svo segja má að tækið hafi valdið byltingu í aðstöðu barnahjartalæknanna á Barnaspítala Hringsins.

Portfarma

HB GRANDI

ÍSLENSK ERFÐAGREINING

hjartagáttin.neistinn.is
– allt um hjartagalla á vefnum

Hjartafjölskyldur þurfa ekki að gúgla í leit að upplýsingum eða aðstoð.
Allt á einum stað.

Eftir Karl Roth,
umsjónarmann Hjartagáttarinnar.

Hvað gerir maður þegar barnið manns greinist með hjartagalla? Hvernig undirbýr maður barnið (og sjálfan sig) fyrir hjartaaðgerðir? Hvernig er líf hjartabarna, t.d. í skólanum? Hvert hringi ég ef eitthvað kemur upp á?

Þær eru ótalmargar spurningarnar sem vakna þegar barn manns greinist með hjartagalla. Og þær halda áfram að spretta upp og þegar barnið eldist koma fram nýjar. Og oft þegar búið er að fræða okkur um vandamálið sem brennur á okkur munum við ekki svarið. Þegar dóttir okkar hjóna greindist í móðurkviði með alvarlegan hjartagalla hrundi heimurinn, svona svolítið.

Svör við helstu spurningum

Spurningarnar flæddu yfir mann. Þær fyrstu voru náttúrulega hinar stóru um það hvort hún mundi yfir höfuð lifa. Svo þegar læknarnir voru búnir að sannfæra okkur um að það mundi hún gera en þyrfti að fara í aðgerð til Boston, vaknaði mikill fjöldi spurninga sem tengdust aðgerðinni. Nú, sjö árum og fjórum aðgerðum síðar, vakna enn spurningar í varðandi hana sem hjartabarn.

Barnahjartalæknarnir, hjúkrunarfólkið, Sjúkratryggingar Íslands, sálfræðingar, Icelandair og fleiri geta yfirleitt svarað okkur hjartaforeldrum og eru reiðubúin til þess. En það er ekki alltaf hægt að ná í alla þegar við viljum og oft þurfum við að leita svara við mörgum ólíkum spurningum í einu. Og ekki vitum við alltaf hvers við þurfum að spyrja þegar við höfum tækifæri til þess.

Hjartagáttinni er ætlað að vera staður þar sem hægt er að finna svör við öllum helstu spurningum sem kunna að brenna á aðstandendum hjartabarna. Vefurinn var upphaflega settur á fót til að létta mönnum lífið í kringum aðgerðir í útlöndum.

Við hjónin höfðum verið vel undirbúin af hjartateyminu sem þá var á LSH. Læknarnir sáu um að við vorum vel að okkur varðandi gallann sjálfan og þær aðgerðir sem yrðu gerðar og aðra meðferð og hjúkrunarfræðingur hafði farið rækilega með okkur í gegnum aðstæður á spítalanum og helstu þætti varðandi dvölina þar. Samt var fjöldamargt sem kom okkur á óvart þegar í slaginn var komið, enda lífið þar út í einu og öllu frábrugðið því sem við áttum að venjast. Praktísk atriði vöfðust fyrir

NA NORÐURÁL
THE LINDE GROUP AGA
www.linde-healthcare.is
Krua Thai
Tryggvagötu 14 - S: 5610039

okkur. Hvar var hægt að borða? Hvar var hraðbanki? Er hægt að þvo þvott? Er hægt að komast í brjóstapumpu? Og þrátt fyrir allan undirbúninginn var margt sem maður vissi ekki varðandi barnið og aðgerðina. Má taka barnið upp strax eftir aðgerð? Geta báðir foreldrar sofið á sjúkrastofunni? Hvað gerir maður ef mælitæki á stofunni fara að pípa?

Við höfðum í höndunum bækling frá Tryggingastofnun, sem hjálpaði okkur nokkuð og við vorum með plögg frá hjúkrunarfræðingnum, þar sem við gátum fundið ýmislegt sem hjálpaði. En við söknuðum þess að hafa ekki virkilega tæmandi upplýsingar aðgengilegar. Seinna, þegar hætt var að ráða í stöðu hjartahjúkrunarfræðings barna, ákváðum við að setja upp þennan vef, sem hefði þann megintilgang að nýtast við *undirbúning foreldra fyrir hjartaaðgerðir barna þeirra í Boston og að vera aðstandendum til stuðnings á meðan dvölinni stæði*. Við hóuðum í fleiri hjartaforeldra og saman komum við vefnum í loftið. Fljótlega stækkaði umfangið og við ræðum nú sérstaklega hvernig bregðast skal við ef barnið manns *greinist með hjartagalla*. Við tókum inn sérstaka umfjöllun um *aðgerð á Íslandi* og enn fremur upplýsingar um lífið að aðgerð lokinni, *að lifa með hjartagalla*. Þá sankaðist að annar fróðleikur, svo sem lýsingar á helstu hjartagöllum, mikilvæg *símanúmer, netföng og vefsíður*, aðgangur að ýmsum *fræðslubæklingum*, ensk-íslensk / íslensk-ensk *hjartagallaorðabók* o.fl. Nýjasta viðbótin er umfjöllun um hjartaaðgerðir í Lundi.

Óþarfi að leita annað

Við leggjum mikla áherslu á að vefurinn sé settur saman af aðstandendum hjartabarna, en ekki af fagmönnum úti í bæ. Að sjálfsögðu öflum við fanga víða og fáum innlegg, til dæmis frá læknum og hjúkrunarfólki, en enginn þekkir hjartabarnalífið betur en við sjálf. Við reynum að ná yfir allt það helsta sem kann að brenna á aðstandendum hjartveikra barna og losa þá þannig við að vafra um Veraldarvefinn í leit að stuðningi. Við teljum reyndar afar mikilvægt að menn vafri alls *ekki* því þannig er líklegt að menn lesi villandi greinar, jafnvel rangar og til þess eins fallnar að gera menn órólega og auka á vanlíðan *algerlega að óþörfu*. Allan fróðleik ætti að vera hægt að fá í gegnum Hjartagáttina, annaðhvort á síðum hennar sjálfrar eða í hlekkjum, sem við vitum að eru traustir og gagnlegir.

Árið 2009 opnaði **hjartagáttin.neistinn.is** formlega. Hún hefur hægt og bítandi verið aukin síðan og er mikið notuð af hjartaforeldrum, sem bera henni mjög vel söguna. Ekki nokkur vafi er á því að hún hjálpar mörgum að fóta sig í barnahjartaheiminum, sem oft vill verða snúinn.

Hjartagáttin er í dag nokkuð þroskaður vefur og sjálfur nota ég hann til dæmis ef ég þarf að leita að símanúmerum eða netföngum tengd hjartamálunum. Þá eru upplýsingarnar um Boston það almennar og ríkar, að íslenskir ferðamenn geta notað sér hann í leit að veitingahúsum eða afþreyingu þar í borg. Í þessum rituðum orðum er verið að vinna að sambærilegum upplýsingum um Lund.

Hjartaforeldrar, kíkjum á og verum með á nótunum varðandi þá hjálp og fróðleik sem við getum fengið, hvort heldur er eftir greiningu gallans, við amstrið í kringum hjartaaðgerðir eða við daglegt líf barnanna okkar.

Margrét Kristjánsdóttir og Karl Roth með börn sín Berg og Heklu hjartastelpu.

66° NORÐUR
NÓI SÍRÍUS
Landsvirkjun

Hjartagáttin reynist vel

Gunnlaugur Sigfússon, barnahjartalæknir

Ég hef verið afskaplega ánægður með Hjartagáttina og vísa öllum mínum sjúklingum og foreldrum þeirra á þá heimasíðu. Ekki síst hefur þessi síða reynst fólki vel sem er á leið í aðgerð erlendis, hvort sem er í Boston eða Lundi í Svíþjóð. Þó svo að við reynum að fara í gegnum þetta ferðalag með fólki held ég að það sé ótrúlega gott fyrir þau að hafa þetta allt þarna á einum stað og sett upp á mjög skipulagðan hátt. Einnig tel ég mikilvægt að fá þetta sjónarhorn foreldra á ferðalagið og þær praktisku upplýsingar sem þeir einir geta miðlað sem reynsluna hafa sjálfir.

Hjartagáttin og Vökudeildin

Elín Ögmundsdóttir,
hjúkrunarfræðingur á Vökudeild Barnaspítala Hringsins

Á Vökudeild koma nýburar með hjartagalla, sem ýmist hafa verið greindir á meðgöngu eða fljótlega eftir fæðingu. Stór hluti þessara barna er síðan fluttur til aðgerðar í Svíþjóð á fyrstu viku lífsins og krefst sá flutningur mikils undirbúnings af hálfu bæði starfsfólks og foreldra. Það er ómetanlegt fyrir okkur að geta bent foreldrum á Hjartagáttina til að búa þá betur undir það sem í vændum er. Þótt við hjúkrunarfræðingarnir höfum mikla reynslu af hjúkrun nýbura með hjartagalla og flutningi þeirra á milli landa, búum við ekki yfir sömu reynslu og þeir foreldrar sem hafa farið með barn sitt erlendis í hjartaaðgerð. Þar kemur Hjartagáttin sterk inn, með gagnlegum og styðjandi upplýsingum fyrir foreldra frá foreldrum. Upplýsingum sem bæta við þá fræðslu sem við veitum á Vökudeildinni, þannig að foreldrar séu sem best búnir undir þessa erfiðu lífsreynslu.

Kringlan

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Einskonar Biblía

Hrafnhildur Sigurðardóttir
og Hallgrímur Skúli Hafsteinsson

Þegar við vissum að von væri á litlum prinsi með meðfæddan hjartagalla hringsnérist heimurinn og við vissum ekkert hvað biði okkar. Eftir að hafa náð að meðtaka fréttirnar, og fengið þær upplýsingar að við værum ekki þau einu í heiminum sem hefðu fengið slíkar fréttir, fór öll orkan okkar í að finna upplýsingar um hver væru næstu skref. Eftir að hafa talað við Gunnlaug, hjartalækninn okkar, og fengið að hitta foreldra hjartveikrar telpu, fengum við upplýsingar um að til væri vefsíða sem héti Hjartagáttin, sem fórnfúsir foreldrar í sömu sporum og við höfðu lagt mikla vinnu í, til að gera líf okkar hinna auðveldara.

Hjartagáttin átti svo eftir að verða einskonar Biblía í okkar huga, bæði í undirbúningi og í okkar fyrstu aðgerð í Boston. Það var ótrúlegur léttir fyrir okkur að geta gengið að öllum upplýsingum á einum stað, það er nógu erfitt fyrir foreldra að þurfa að horfa á eftir barninu sínu í aðgerð og vera í nýju landi sem maður þekkir ekki vel til. Við notfærðum okkur allar upplýsingarnar sem eru á Hjartagáttinni varðandi spítalann og nánasta umhverfi hans. Bara það eitt að vita staðsetningu á næsta súpermarkaði var mikill léttir.

Við erum ótrúlega þakklát fyrir það að hafa haft kost á að undirbúa okkur svona vel með hjálp Hjartagáttarinnar.

Hrafnhildur og Halli. Börnin heita Elsa Rán Hallgrímsdóttir og Sigursteinn Nói Hallgrímsson (hann er hjartabarn).

Marz SEAFOOD

REYKJAVÍK FOTO

KPMG

FASTUS

.....Neistinn þakkar fyrir stuðninginn

Reykjavík
2001 ehf
A. Margeirsson ehf
AB varahlutir ehf
Afltækni ehf
Almerking ehf
Antik-bólstrun
Antikhúsið ehf
Arkitektastofa Grétars og Stefáns
Arkitektur.is ehf
Asía ehf,veitingahús
Auglýsingastofan ENNEMM
Auglýsingastofan Korter ehf
Á.T.V.R.
ÁM-ferðir ehf
Árbæjarapótek ehf
Árni Reynisson ehf
Ársól snyrtistofa
Ásbjörn Ólafsson ehf
Ásbyrgi, fasteignasala
B.Árnason, byggingaþjónusta ehf
Balance ehf
Balletskóli Sigríðar Ármann ehf
Barnalækna-þjónustan ehf
Barnatannlækna-stofan ehf
Beggja hagur ehf
Bernhöftsbakarí ehf
Bifreiðaverkstæði Grafarvogs ehf, s: 577 4477
Birkir Baldvinsson hf
Bílasalan Höfðahöllin
Bílasmiðurinn hf
Bíóhljóð ehf
Björnsbakarí ehf
Blaða- og innheimtuþjónustan sf
Blaðamannafélag Íslands
Blikksmiðjan Glófaxi hf
Blómagallerí ehf
Blómasmiðjan ehf
Body shop
Bonafide lögmenn ráðgjöf sf
Boreal ehf, ferðaþjónusta
Borgarbílastöðin ehf
Borgarpylsur
Bókhaldsþjónusta Arnar Ingólfssonar ehf
Bóksala kennaranema
Bólstrarinn ehf
Bólsturverk sf
Bón Fús
Brauðhúsið ehf
Breiðan ehf
Brim hf
Brúskur Hárstofa ehf
BSRB
Búr ehf
Búseti hsf
Byggingafélagið Þumall ehf
Byggingarfélag Gylfa og Gunnars ehf
Central ehf, tannsmíðastofa
Curvy, tískuverslun
D&C ehf
Dalbær sf
Danica sjávarafurðir ehf
Dansrækt JSB ehf
Diplo ehf
Dokkan slf
Dómkirkjan í Reykjavík
Drafnarfell ehf
E.F. Ben ehf
Effect ehf
Efling stéttarfélag
Efnamóttakan hf
Eignamiðlunin ehf
Einingarverksmiðjan ehf
Eirvík-heimilistæki ehf
Endurskoðun og reikningshald ehf
Endurskoðun og reikningsskil hf
Erf ehf, Erf-ið
Erla, hannyrðaverslun
Ernst & Young hf
Eyjólfur Rósmundsson ehf, meindýraeyðing
Fanntófell ehf
Fasteignasalan fasteign.is ehf
Fasteignasalan Garður ehf
Faxaflóahafnir sf
Felgur smiðja ehf
Ferðakompaníið ehf
Ferðaskrifstofa Harðar Erlingssonar ehf
Ferðaþjónusta bænda hf
Félag bókagerðamanna
Félag skipstjórnarmanna
Fiskafurðir -umboðssala ehf
Fiskmarkaðurinn ehf
Flutningaþjónusta Arnars ehf
Fólksbílaland ehf
Fótóval ehf
Fraktflutningar ehf
Frami, félag leigubifreiðastjóra
Framvegis - miðstöð um símenntun ehf
Fríkirkjan í Reykjavík
Frysti- og kæliþjónustan ehf
Fröken Júlía ehf
Fylgifiskar ehf
Gallabuxnabúðin Kringlunni
Gallerí Fold
Garðmenn ehf
Garðs Apótek ehf
GÁ húsgögn ehf
GB Tjónaviðgerðir ehf
Gissur og Pálmi ehf, byggingafélag
Gjögur hf
Gjörvi ehf
Gleraugnaverslunin Sjón ehf
Gluggasmiðjan hf
Gnýr sf
Grandakaffi ehf
Grensás ehf
Grensáskirkja
Guðmundur Arason ehf - GA Smíðajárn
Gull og silfur ehf
Gull- og silfursmiðjan Erna ehf
Gullkúnst Helgu skartgripaverslun
Gullsmiðja Óla
Gullsmiður Eyjólfur Kúld
Gullsmiðurinn í Mjódd
Gullöldin ehf
Gæðabakstur
H.N. markaðssamskipti ehf
Hafgæði sf
Hagbót ehf
Hagi ehf - Hilti
Halldór Jónsson ehf
Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna
Hákon Bjarnason ehf
Hár Class hársnyrtistofa
Hárgreiðslustofa Hrafnhildar
Hárgreiðslustofan Stubbalubbar
Hármiðstöðin
Hársnyrtistofa Dóra
Hársnyrtistofan Höfuðlausnir
Háskóli Íslands
Heilsubrunnurinn ehf, nuddstofa
Herrafataverslun Birgis ehf
Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar
HGC á Íslandi ehf
Hilmar D. Ólafsson ehf
Hjá Dóra ehf, matsala
Hjá Dúdda ehf
Hjá Hrafnhildi
Hjálpræðisherinn á Íslandi
Hollt og gott ehf
Hópferðarþjónusta Reykjavík ehf
Hótel Cabin ehf
Hótel Frón ehf
Hótel Leifur Eiríksson ehf
Hótel Óðinsvé hf
Hreinsitækni ehf
Hreyfimyndasmiðjan ehf
Hreysti ehf
Hringrás ehf
Hugmót ehf
Hugsmiðjan ehf
Höfðakaffi ehf
Iceland Seafood ehf
Icelandair Cargo ehf
Icelandic Group hf
Iðjuþjálfafélag Íslands
IGS ehf
Innnes ehf
IStore.is
Ímynd ehf
Ísbar - Boozt bar
Ísbúð Vesturbæjar ehf
Ísbúðin Erluís
Ísfrost ehf
Ísleifur Jónsson ehf
Íslensk endurskoðun ehf
Ísloft blikk- og stálsmiðja ehf
Ísold ehf
Íþróttabandalag Reykjavíkur
J. S. Gunnarsson hf
Janusbúðin - Ullarkistan ehf
Jeremías - www.garnbudin.is
JGG ehf
Jón Egilsson hrl og Auður Björg Jónsdóttir hdl
K. H. G. Þjónustan ehf
K. Norðfjörð ehf
K. Pétursson ehf
Kaffi Roma
Kaffibarinn ehf
Kauphöll Íslands hf
Kemi ehf - www.kemi.is
Kirkjugarðar Reykjavíkur-prófastsdæma
Kjöthöllin ehf
Kleifarás ehf
Klif ehf, heildverslun
Klipphúsið ehf
KOM almannatengsl
Kórall sf
Kr. St. lögmannsstofa ehf
Kristján F. Oddsson ehf
Kristján G. Gíslason ehf
Krydd og Kaviar ehf
Kúlan söluturn, vídeóleiga og ísbúð
Lagastoð, innheimtuþjónusta
Lagnalagerinn ehf
Landfestar ehf, fasteignafélag
Landsnet hf
Landssamband hestamannafélaga
Landssamband kúabænda
Landssamtök lífeyrissjóða
Láshúsið ehf
Leðurverkstæðið sf
Leiguval ehf
Leikfangasmiðjan Stubbur
Lifandi vísindi
Lindin, kristið útvarp FM 102,9
Listvinahúsið, leirkerasmíði
Lífstykkjabúðin ehf
Ljósin í bænum
Lloyd's Register EMEA
LOCAL fjármál ehf
Loki 101 Gistiheimili
Lúmex ehf
Lyfjaver ehf
Lystadún - Marco
Læknasetrið ehf
Lögafl - lögmannsstofa
Lögfræðiþjónusta Sigurðar Sigurjónssonar ehf
Lögmannsstofa Jóns G Briem hrl
Lögmannsstofan Réttur
Lögmál ehf
Lögmenn Árbæ slf
Lögmenn Höfðabakka ehf
Lögmenn Laugavegi 3 ehf
Löndun ehf
Magnús og Steingrímur ehf
Margt smátt ehf

Frábær árshátíð foreldrahóps Neistans

Fyrsta árshátíð foreldrahóps Neistans var haldin í mars á veitingastaðnum Panorama. Mæting var til fyrirmyndar og skemmtu sér allir konunglega.

Herlegheitin hófust með fordrykk þar sem menn nutu útsýnisins enda bjart og fallegt veður. Þá hófst borðhald og formaðurinn okkar, Guðrún Bergmann, hélt smátölu og kynnti til sögunnar veislustjórann, en það var enginn annar en utanríkisráðherra, Össur Skarphéðinsson. Var gerður góður rómur að stjórn hans og jafnvel svörnustu andstæðingar hans í pólitík sáust glotta út í annað.

Þegar menn höfðu torgað lungamjúkri nautasteikinni, tróð Þorsteinn Guðmundsson upp og fékk menn aldeilis til að skella upp úr. Við höfðum varla jafnað okkur þegar Hera Björk steig á stokk, nýkomin úr mikilli sigurför til Chile, og söng fyrir okkur nokkur lög af sinni alkunnu snilld.

Botninn var síðan sleginn í gillið með dúndrandi balli þar sem hinn eitraði Eurovision-DJ Örlygur Smári þeytti skífum af alkunnri smekkvísi.

Árshátíðin lukkaðist frábærlega og er örugglega búin að festa sig í sessi. Það er ekki spurning að hún verður árlegur viðburður héðan í frá.



Gó'a
Stofnað 1968

Póst dreifing

Arion banki

Vildum að barnið fe

Snemmsumars 2012 áttu Sandra Valsdóttir (27) og Garðar Magnússon (28) von á sínu þriðja barni og vissu ekki betur en allt væri með felldu. Tilvera þeirra snerist svo skyndilega á haus þegar þau fengu að vita að fóstrið væri með sérlega alvarlega hjartagalla. Nú um það bil ári síðar, eftir áfall á áfall ofan og tvær skurðaðgerðir í Svíþjóð, er líf þeirra loksins aftur að færast í eðlilegar skorður.

Sandra: Hjartagallarnir komu í ljós við 20 vikna sónarskoðun. Ég vinn á sjúkrahúsinu í Keflavík og var að vinna þegar ég fór í skoðun. Þetta er náttúrlega ekki fyrsta barnið mitt og þegar ljósmóðirin hafði skoðað mig í smástund hljóp hún fram og þá vissi ég að eitthvað mikið væri að. Þegar hún kom aftur inn sagðist hún aldrei hafa séð svona áður og spurði hvort ég gæti verið komin til Reykjavíkur eftir tvo tíma í nákvæmari skoðun. Það var rosalegt áfall. Ég var tilbúin heima með nýbakaðar múffur, átti bara eftir að setja annaðhvort bleikt eða blátt krem inn í þær. Þá þurfti að redda pössun fyrir hin börnin og fari til Reykjavíkur, en við áttum ekki bíl á þeim tíma. Við fórum inneftir og hittum Gulla, Gunnlaug Sigfússon barnahjartalækni. Hann ómskoðaði mig og tilkynnti okkur síðan að þetta væri mjög alvarlegur hjartagalli, flókinn og mikill, og sagði að það væri valkostur að fara í fóstureyðingu. Hann gaf okkur tíma daginn eftir og sagði að við skyldum fara heim og reyna að jafna okkur á þessu og ræða saman um hvað við vildum gera. Það var voða lítið meira hægt að gera svona strax eftir áfallið, fólk hættir að heyra hvað læknirinn er að segja og dettur bara inn í sig.

Garðar: En Sandra var það langt gengin að við þurftum að vera fljót að ákveða hvort við vildum halda meðgöngunni áfram eða binda endi á hana. Við fórum heim og reyndum að kynna okkur málið aðeins betur, skoðuðum efni um hjartveik börn, skoðuðum heimasíðu Neistans og heimildarmyndina 70 lítil hjörtu, sem Neistinn lét gera. Það var mjög gagnlegt að horfa á hana, við gerðum það nokkrum sinnum.

Sandra: Við vorum vöruð við að gúgla of mikið erlendar síður, það getur verið hreinlega sjokkerandi þegar maður þekkir lítið til þessara mála. Maður þarf að halda sig við staðreyndir.

Voruð þið lengi að taka ákvörðun?

Garðar: Nei, við vorum ekki lengi að því. Við vorum ekkert ósammála heldur, við vildum bæði að barnið fengi að verða til. Við fengum líka að vita að líkurnar á jákvæðri útkomu væru alveg þokkalegar, þrátt fyrir að gallinn væri mjög alvarlegur.

Hvaða galla var um að ræða?

Sandra: Hann kallast Tricuspid Atresia, það

engi að Vera til

vantaði hægra hólfið, svo var gat á milli efri og neðri hólfanna, og ósæðin var of þröng. Við fengum að vita að þetta væri ekki arfgengur galli, heldur tilfallandi. Við værum bara óheppin.

Garðar: Við fengum að vita að barnið þyrfti að fara í gegnum þrjár aðgerðir, þar sem sú fyrsta væri áhættusömust, en svo minnkaði áhættan við hverja nýja aðgerð.

Sandra: Gulli varð strax mjög jákvæður þegar við tilkynntum honum ákvörðun okkar og setti upp eftirlitsprógramm fyrir okkur það sem eftir var meðgöngunnar. Við hittum hann reglulega, ljósmæður í áhættuvernd og Lindu Báru sálfræðing og Gullu félagsráðgjafa. Þau pössuðu vel upp á okkur

Viðtal: Páll Kristinn Pálsson
Myndir úr fjölskyldualbúminu

og gáfu okkur til dæmis upplýsingar í smáskömmtum svo við gætum meðtækið þær hægt og rólega. Það var í rauninni margfarið yfir hlutina á meðan þetta var að síast inn, því maður er í hálfgerðri þoku fyrst í stað.

Vissuð þið að það yrði allt í lagi með fóstrið á meðgöngunni?

Garðar: Já, Gulli ítrekaði það fyrir okkur og að við skyldum reyna að njóta meðgöngunnar eins mikið og hægt væri eftir að hafa fengið svona fréttir, því það væri góður tími fyrir hana. Vandamálin byrja ekki fyrr en eftir að skorið er á naflastrenginn.

Sandra: Bryndís Hulda fæddist svo 26. nóvember, klukkan 16.28. Það hafði verið ákveðið að ég eignaðist hana í 39. viku, á mánudegi svo fæðingin lenti ekki á helgi, og ég mætti bara og fæðingin var framkölluð. Allt var vel undirbúið. Gulli var erlendis og það var Gylfi Óskarsson sem skoðaði hana fyrst.

Garðar: Fæðingin gekk mjög vel og við fengum að vera með hana í tíu mínútur áður en hún var flutt upp á Vökudeild. Hún leit mjög vel út, ekki eins og það væri eitthvað líkamlegt að hjá henni.

Sandra: Okkur hafði verið sagt að hún gæti verið blá og guggin, en svo reyndist alls ekki vera. Hún var bara eins og fullkomlega eðlilegt barn.

Voruð þið kvíðin í sjálfri fæðingunni?

Garðar: Vissulega var maður dáldið stressaður, en svo fannst mér hún líta miklu betur út en ég hafði ímyndað mér.

Sandra: Ég var náttúrulega í hálfgerðu móki, svo þetta var frekar blörrað hjá mér. Það var heldur ekki búið að segja okkur nákvæmlega hvernig hún yrði meðhöndluð eftir fæðinguna, bara að hún færi upp á Vökudeildina. Þar var hún sett í hitabekk og með æðalegg og manni brá svoldið við að sjá það.

Garðar: Hún var höfð á Vökudeildinni í tvo sólarhringa og við vorum mikið hjá henni, en svo var flogið út til Lundar í Svíþjóð. Beint upp á sjúkrahús í rannsókn og svo var aðgerðin bara daginn eftir. Læknarnir útskýrðu mjög vel fyrir okkur hvað þeir ætluðu að gera. Þórður Þorkelsson yfirlæknir og Silja hjúkrunarfræðingur fóru með okkur. Bryndís var í svona litlum sjúkrakassa á hjólum og þetta gekk bara rosalega vel.

Hvernig leið ykkur svo í biðinni?

Sandra: Alveg hryllilega. Við fórum niður í Lund og gengum um bæinn. Við vorum þarna á jóla-innkaupatímanum, svo við vorum að bara að skoða hugsanlegar jólagjafir.

Garðar: Já, við löbbuðum bara um og reyndum að fá tímann til að líða. Læknarnir höfðu ráðlagt okkur að gera það. Fara bara út, enda er allt þarna í göngufæri.

Sandra: Svo var hringt í okkur eftir átta tíma þegar aðgerðinni var lokið. En þetta er einn erfiðasti dagurinn sem við höfum upplifað. Við heyrðum ekkert fyrr en þetta var búið.

Garðar: Bryndísi var síðan haldið sofandi í sólarhring og við vorum hjá henni á gjörgæsludeildinni.

Sandra: Það var auðvitað hryllilegt að horfa á hana sofandi og tengda með öllum þessum leiðslum og slöngum. En við vorum heppin því oftast þarf að hafa brjóstkassann opinn eftir svona aðgerð, en þess þurfti ekki í hennar tilfelli. Samt fannst manni þetta meira en nóg af dóti sem tengt var við hana.

Garðar: Við vorum úti í tvær vikur, fórum meira að segja heim fyrr en áætlað var af því skurðirnir gréru svo vel hjá henni. Svo vorum við í eina viku á Barnaspítalanum og komum loks heim örfáum dögum fyrir jólin. Það liðu síðan um tvær vikur þar sem hún var góð heima en svo fór hún að verða aftur slöpp. Það var mjög óvænt og ekki í samræmi við það sem okkur hafði verið sagt. Hún fölnaði öll og virtist sífellt vera að missa meðvitund.

Sandra: Við fórum í hendingskasti með hana í sjúkrabíl til Reykjavíkur og læknirinn sem var með í bílnum var svo stressuð að hún gat ekki leynt því. Við vorum rosalega fljót á leiðinni og í ljós kom að hún hafði fengið miklar hjartsláttartruflanir. Sem betur fór var Gulli einmitt á vakt og Sigrún sem er með okkur í heimahjúkruninni og Silja sem fór með okkur út var á næturvaktinni. Svo það var bara fólk sem þekkti vel til hennar sem annaðist hana. Ég þurfti að fara ein með henni af því Garðar var heima að passa hin börnin og ég hef aldrei verið eins hrædd.

Garðar: Mér leið hræðilega heima og þetta var eiginlega verra en aðgerðin sjálf. Maður var undirbúinn fyrir aðgerðina, en þetta gerðist algerlega óvænt og óvissan var mikil því ekki var hægt að bera sig saman við neitt.

Sandra: Bryndís var í tvær vikur á vökudeildinni og svo fórum við með hana heim. Hún var samt undir stöðugu eftirliti heimahjúkrunar og við hittum hjartalæknana tvisvar í viku. En fljótlega þurfti að leggja hana aftur inn vegna flensu og lágrar súrefnismettunar og við vorum inni í tvær vikur. Fórum svo aftur heim í tvær vikur, þá varð hún aftur veik og við fórum aftur inn á spítala. Bryndísi fór síðan versnandi og það endaði með því að hún var send fyrr en áætlað hafði verið út í nýja aðgerð. Þetta var 27 febrúar.

Íslandsbanki
KEILUHÖLLIN
Weetabix
THE WHOLEGRAIN CEREAL

Garðar: Ástæðan fyrir þessu var í rauninni galli í fyrstu aðgerðinni. Það myndaðist gúlpur út frá röri sem var sett og það þrengdi að hægri lungnaslagæðinni og hún hrapaði í súrefnismettun. Við vorum sem sé send í hasti út og það sem flækti málið en meira var að hún fékk kvef í flugvélinni sem gerði að verkum að sænsku læknarnir voru ekki vissir um hvort ástand hennar væri vegna hjartans eða kvefsins.

Sandra: Það fóru eiginlega tveir dagar í stríð á milli læknanna um þetta, hvort hún ætti að fara strax í aðgerð eða jafna sig af kvefinu fyrst. Ástandið versnaði bara á henni en svo kom þarna íslenskur læknir, Theódór Skúli Sigurðsson, sem vinnur á sjúkrahúsinu í Lundi og kíkti á hana. Við höfðum hitt hann reglulega í fyrri aðgerðinni. Hann þurfti ekki að skoða hana lengi til að úrskurða að hún skyldi fara strax í aðgerð og flutti hana upp á gjörgæsludeildina á sína ábyrgð. Og hún fór í aðgerð daginn eftir, þann 6. mars. Þá kom í ljós að hægra lungað var algerlega óstarfhæft og lungnaslagæðin hætt að stækka. Það var gert við þetta og um leið framkvæmt það sem átti samkvæmt upprunalega planinu að gera tveimur mánuðum seinna. En við fengum ekki að vita það fyrr en eftir á. Allt þetta heppnaðist hins vegar mjög vel. Hún var vakin um kvöldið og komin úr öndunarvél daginn eftir. Svo hún var alveg ótrúlega fljót að ná sér.

Garðar: Já, eftir nokkra daga var hún orðin allt önnur en áður, gat farið að nota snuð sem hún hafði ekki getað áður. Og síðan hefur bara allt gengið eins og í sögu. Hún er núna að verða sex mánaða gömul og hefur loksins verið lengur heima hjá sér en á sjúkrahúsi síðan hún fæddist.

Hvað er þá næst á dagskránni?

